

1. Vitið þið hvernig á að ná góðum árangri og hvernig góður árangur lítur út? Hvernig vitið þið það?

H-1 Hjálpa hvor öðru, vera vinalegur við aðra.

H-2 Lesa meira, nenna meiri í stærðfræði. Ef það væri minni hávaði væri auðveldara að læra í íslensku. Það er gaman í smíði og heimilisfræði.

H-3 Hafa góðan vinnufrið og rétta upp hönd. Hlusta á kennara. Hafa hljóð í stofunni. Ekki truflun.

H-4 Hafa hljóð og vinna mikið . Hlusta á kennarann. Hafa vinnufrið. Læra vel og einbeita sér. Lestur er bestur.

H-5 Læra mikið, sofa vel, læra heima, lesa, skrifa, ekki tala í tíma, æfa sig, hlýða kennaranum. Góður árangur lítur vel út, kennaranum líkar vel við þig. Fólk nær að fylgjast með efninu og skilur það.

H-6 Ekki slást. Leika með vinkonum. Ekki segja neitt ljótt og ekki meiða. Eignast vini. Ekki stríða. Gera góða hluti. Ekki taka dót frá öðrum. Ég man alltaf að mér gangi vel. Kennarinn segir mér það. Af því að ég skil mjög vel. Gott. Með því að vinna rosalega vel.

H-7 Minnka hávaða, æfa sig, lesa og læra.

H-8 Ganga vel í skólanum (það truflar alla þegar strákar eru að tala í tímum) að öðrum líði vel. Að vera dugleg/ur.

H-9 Ganga vel í skólanum til að bjarga dýrum. Að vera góð við aðra og hjálpast að. Ég vil vera dýralæknir og hjálpa dýrum. Læra í skólanum, vera dugleg. Ekki henda mat og hjálpa plánetunni.

2. Hvernig vitið þið hvort ykkur gengur vel í náminu eða hvort ykkur gengur ekki nógu vel?

H-1 Sumir fylgjast ekki nógu vel með í tímum, aðrir koma seint og eru þreytt því skóladagurinn er svo langur.

H-2 Kennarinn hrósar mér. Einn bara. Kennarinn gefur mér stimpil eða einkunn. Þegar allir segja „vá hvað þetta er flott“.

H-3 Réttu upp hönd, hann segir að hann er búinn að vera í Noregi í sex ár og það auðveldi námið. Ef það er ekki vinnufriður getur maður ekki einbeitt sér. Ef maður er á bls. 17 og svo er maður kominn á bls. 40.

H-4 Manni gengur vel með að læra mikið. Ef maður reynir sitt besta og æfir sig heima. Þegar það er vinnufriður og maður vinnur í hópum. Ef einhver truflar of þegar maður talar of mikið. Þegar allar eru að tala saman og það er ekki vinnufriður. Þegar maður er rugludallur. Þegar krakkar tala mikið um tölvuleik.

H-5 Ef nemandi skilur efnið og er kominn langt í því. Ef þau æfa sig meira verða þau betri og kennarinn hrósar. Æfingin skapar meistarann. Eiga auðvelt með efnið, lesa hratt.

H-6 Ég man alltaf af því að kennarinn segir að mér gangi vel.

H-7 Ef maður skilur efnið.

H-8 Þér líður vel. Að maður veit hvað maður á að gera. Að hlusta á kennarann. Má ekki hafa læti og spyrja kennarana. Ef maður kann stærðfræði.

H-9 Mér finnst ekki fullt af fólki gott í námi. Ég er bara góður. Ég stend mig vel. Ég held að ég sé að reyna mitt besta.

3. Hvernig finnst ykkur best að kennarar hjálpi ykkur til að ná betri árangri?

H-1 Það er gott þegar kennarinn sýnir upp á töflu og þegar hann kemur til þeirra og hjálpar þeim.

H-2 Hrósa mér og aðstoða mig í stærðfræði. Stroka út ef það er eitthvað vitlaust og sýnir mér hvað ég á að gera. Mér finnst ég ekki þurfa að breyta neinu.

H-3 Útskýrir tvisvar sinnum eða þrisvar. Útskýrir fyrir framan allan bekkinn.

H-4 Þegar kennarar útskýra vel og hjálpa að reikna. Þegar það er útskýrt upp á töflu. Þegar þeir kenna á meðan þeir grínast og eru ekki ströng. Þegar kennarar eru góðir og blíðir og ekki strangir. Þegar kennarar hlusta vel á mann, því að nemendur geta stundum sagt og kennt kennurunum.

H-5 Kennari hjálpar nemanda að skilja dæmið, sýna dæmi á töflu. Hjálpar með tölur, að lesa og sýnir hvernig á að leysa dæmin.

H-6 Með því að láta okkur syngja lag. Hann spyr okkur spurninga. Hann öskrar ekki á okkur (hann gerir það stundum) Gaman að læra.

H-7

H-8 Útskýra betur efnið. Að hlusta á kennara. Gaman í stærðfræði, hafa opin eyru og hlusta vel. Að hlusta á kennarann. Þegar hann er að útskýra eitthvað mikilvægt fyrir okkur. Horfast í augu við kennarann. Að horfa á töfluna. Þegar kennarinn segir eitthvað þá að ekki að grípa fram í, útskýra efnið á töflunni. Ekki hröð myndbönd. Það hjálpar manni þegar kennarinn talar við mann. Fara í röð hjá kennaranum og spyrja, geta skrifað í reiknisbók ef það er ekki nógu mikið pláss í þinni bók.

H-9 Þeir hjálpa mér bara vel. Mér finnst gott að það er nýr strákur sem lærir mikið af íslensku og þeir hjálpa okkur í íslensku. Að kenna mér að læra íslensku, ég er ekki íslenskur. Í íslensku. Þeir hjálpa mér að smíða.

4. Finnst þér þú geta haft áhrif á nám þitt og þá með hvaða hætti

H-1 Gera aftur og gefast ekki gefast upp.

H-2 Mér finnst að það ætti að vera lestur á hverjum morgni. Mig langar að læra meira um jörðina. Meiri smíði. Gaman að reikna. Ég elska að vera í ensku. Vil að vinir mínir hætti að trufla mig. Gott að hafa kennarann hjá mér til þess að hjálpa mér.

H-3 Það fer eftir því hvernig námið er.

H-4 Það er gaman að ráða hvað maður á að gera. Að útskýra fyrir bekknum þegar maður skilur ekki. Með því að nota heilann.

H-5 Læra mikið heima og endurtaka orð til að skilja. Biðja um hjálp frá foreldrum. Æfa sig að lesa. Lesa bók tvisvar sinnum yfir. Endurtaka.

H-6 Já, nei, það er gaman að læra.

H-7 Nei já.

H-8 Gera námið hratt. Að vanda sig svo maður geri betur og betur. Hafa hljóð þegar maður er að vinna í tímum. Hlusta á kennarana og gera það sem þeir segja. Æfa inniröddina. Að vinna í námið, ekki vinna hratt. Mikilvægt að lesa heima, væri til í að gera heimanám. Að fá hjálp frá kennara, láta kennarann

útskýra námið betur. Láta vita hvort eitthvað er að, miklu meiri heimavinnu.
Vinna, vinna, vinna.